

Þróunarsjóður innflytjendamála

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Afbrot og stimplun ungmenna af erlendum uppruna: Rannsókn á samskörun

Nafn styrkþega: Jón Gunnar Bernburg

Útdráttur: Undanfarna áratugi hefur orðið mikil fjölgun á innflytjendum og annarrar kynslóðar innflytjendum innan íslensks samfélags og upplifir þessi minnihlutahópur gjarnan jaðarsetningu. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvernig innflytjendur upplifa samskipti við íslenska réttarvörslukerfið og hvernig afbrota- og kynþáttastimplun tvinnast saman í þeirri reynslu. Sérstök áhersla var lögð á að skoða samtvinnun (e. intersectionality), með það að leiðarljósi að skilja hvernig félagsleg einkenni, eins og kynþáttur, þjóðerni, félagsleg staða og frávíkshæðun fléttast saman og hafa áhrif á sjálfsmynd og samskipti. Rannsóknin var eigindleg og byggði á viðtölum við þrettán karlmenn sem allir eru innflytjendur af fyrstu eða annarri kynslóð á aldrinum 18 – 32 ára. Þeir áttu það enn fremur sameiginlegt að hafa haft afskipti af réttarvörslukerfinu á Íslandi. Gagnagreining var framkvæmd með þemagreiningu og stuðst var við grundaða kenningu til að draga fram þemu sem byggja á reynslu viðmælenda. Helstu niðurstöður leiddu í ljós að þátttakendur upplifðu vantraust og mismunun af hálfu lögreglu, auk þess sem þeir tengdu þessi afskipti við kynþátt sinn og uppruna. Margir töldu sig verða fyrir stimplun sem afbrotamenn án þess að hafa sýnt af sér frávíkshæðun. Þetta virtist hafa haft áhrif á sjálfsmynd þeirra og félagslega þátttöku. Þessi reynsla er í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna sem sýna hvernig jaðarsettir hópar verða fyrir kerfisbundinni mismunun í tengslum við löggæslu. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að skoða samtvinnun þegar meta á reynslu innflytjenda af réttarvörslukerfinu. Þær

benda jafnframt til að þörf sé á endurskoðun á verklagi og viðhorfum innan stofnana til að tryggja jafnræði og réttlæti fyrir einstaklinga óháð uppruna.

Project Title: Crime and labeling of immigrant youth: A study of intersectionality

Name of Grantee: Jón Gunnar Bernburg

Abstract: In recent decades, there has been a significant increase in immigrants and second-generation immigrants within Icelandic society, and this minority group often experiences marginalization. The aim of the study was to examine how immigrants experience interactions with the Icelandic criminal justice system and how criminal and racial stigmatization intertwine in those experiences. Special emphasis was placed on intersectionality, with the guiding objective of understanding how social characteristics—such as race, nationality, social status, and deviant behavior—intersect and influence identity and interactions. The study was qualitative in nature and was based on interviews with thirteen men who are firstor second-generation immigrants between the ages of 18 and 32. They all had in common that they had been involved with the Icelandic criminal justice system. Data analysis was conducted using thematic analysis, and grounded theory was applied to identify themes based on the participants' experiences. The main findings revealed that participants experienced distrust and discrimination from the police, and they associated these encounters with their race and origin. Many felt they were labeled as criminals without having engaged in deviant behavior. This appeared to affect their self-identity and social participation. These experiences are consistent with findings from international research showing how marginalized groups are subjected to systemic discrimination in relation to law enforcement. The results highlight the importance of examining intersectionality when assessing immigrants' experiences with the criminal justice system. They also indicate the need to review institutional practices and attitudes in order to ensure equality and justice for individuals regardless of their background.